

AUGLÝSING

um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) um störf sem eru undanskilin verkfallsheimild.

Eftirfarandi er skrá yfir þau störf hjá SÁÁ sem eru undanþegin verkfallsheimild skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, en falla undir 3., 4., 5. og 6. tl. 2. mgr. 19. gr. laganna.

Á sjúkrahúsinu Vogu er starfrækt áfengis- og vímuefna meðferð. Þar er rúm fyrir 80 sjúklinga. Á meðferðarheimilinu Vík á Kjalarnesi er rúm fyrir 60 sjúklinga. Sjúklingar á þessum stöðum verða ekki útskrifaðir tafarlaust vegna verkfallsaðgerða. Ennfremur er nauðsynlegt að taka fyrirvaralaust til meðferðar sjúka áfengis- og vímuefnaneytendur.

Sjúkrahúsið Vogur:

<i>Yfirlæknir:</i>	Alls 1 stöðugildi.
<i>Sérfræðilæknir:</i>	Alls 1 stöðugildi dagvinna.
<i>Sérfræðilæknir:</i>	Alls 1 stöðugildi gæsluvaktir.
<i>Hjúkrunarforstjóri:</i>	Alls 1 stöðugildi.
<i>Hjúkrunarfræðingar:</i>	Alls 5,2 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt og 1 staða næturvakt. 1 staða morgunvakt er sinnir viðhaldsmeðferð.
<i>Sjúkraliðar:</i>	Alls 2,8 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt og 1 staða kvöldvakt.
<i>Sálfræðingur:</i>	Alls 1 stöðugildi.
<i>Dagskrárstjóri:</i>	Alls 1 stöðugildi.
<i>Ráðgjafar:</i>	Alls 10 stöðugildi, þar af 4,2 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar, sem raðast þannig: 1 staða kvöldvakt, 1 staða næturvakt og 1 staða miðvakt.

Meðferðarheimilið Vík:

Sérfræðilæknir: Alls 0,5 stöðugildi dagvinna og gæsluvakt.

Skrifstofa Efstaleiti 7:

Launafulltrúi: Alls 1 stöðugildi.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986.

Reykjavík, 15. janúar 2018.

F.h. Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann,

Ágúst Jónatansson.